

Laun samkvæmt 2. og 3. gr., greiðir Siglugamálastofnun ríkisins gegn reikningi skoðunarmanns í tvíriti og skoðunarskýrslu.

Reglugerð þessi, um laun fyrir skoðun á skipum, sem framkvæmd er af hinum lögskipuðu skoðunarmönnum, sem ekki taka föst laun úr ríkissjóði, er hér með sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 51 12. maí 1970, um Siglingamálastofnun ríkisins, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 249 10. nóvember 1970, um laun skipa-skoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

*Samgönguráðuneytið, 24. september 1973.*

**Björn Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

15. október 1973.

Nr. 277.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 83 9. marz 1973.

### B. Almenn heimilisnotkun.

12. Í stað: Um kWst.-mæli á kr. 3.03 og auk þess fastagjald kr. 312.00 á ári. . .  
Komi: Um kWst.-mæli á kr. 2.91 og auk þess fastagjald kr. 300.00 á ári.

### E. Stórnotkun.

50. Í stað: Aflgjald kr. 5 473.00 hvert árs-kW  
Orkugjald kr. 0.61 hverja kWst. . .  
Komi: Aflgjald kr. 5 820.00 hvert árs-kW  
Orkugjald kr. 0.65 hverja kWst.  
Að öðru leyti skal gjaldskráin óbreytt standa. Ákvæði bráðabirgðalaga nr. 40 30. apríl 1973 taka til gjalda, eins og þau eru ákveðin með breytingu þessari.  
Breyting þessi á gjaldskrá nr. 83 9. marz 1973 staðfestist hér með skv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. október 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*